

Reykjavík, 24. júní 2021
R20100031

2350

Íþróttta- og tómstundasvið

Bæjarhálsi 1

110 REYKJAVÍK

Efni:

***Bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna
aðgengismála í Nauthólsvík***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. júní 2021 fór fram umræða um aðgengismál í Nauthólsvík, sbr. 5. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Miðborg og Hlíða lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð hefur áður óskað eftir því að aðgengi í Nauthólsvík verði bætt fyrir fólk með ólíka hreyfifærni. Okkur skilst að það standi til að fara í aðgerðir í haust m.a. til að bæta aðgengi. Það er hins vegar mikil þörf á því að bæta strax úr í sumar til þess að börn og aðrir sem tam. nota hjólastól komist greiðlega í sturtu í búningsklefum og um sandinn til þess að komast í sjóinn. Íbúaráðið leggur til að farið verði strax í að kaupa stóla til þess að hafa í búningsklefum og keyptir verði stólar á breiðum dekkjum sem komast um sandinn að sjónum. Einnig vantar ramp þannig að fólk komist inn í gufuna en þar eru há þrep núna bæði frá stétt og sandi. Sjósund er mjög vinsælt hjá fólki á öllum aldri og Nauthólsvíkin paradís í hverfinu okkar sem við eigum öll að fá að njóta.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson

Afrit:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík